



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 16. nóvember 2016

Gjalddagi fasteignagjalda fyrir árið 2017 – Málsnr #1612026

Gjalddagar ársins 2016 voru eftirfarandi:

Almennir gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2016 eru tíu, fyrsti gjalddaginn er 15. janúar 2016 en eftir það 1. dagur hvers mánaðar frá mars til nóvember og eindagi 30. dögum síðar. Gjalddagi fasteignagjalda, að lægri fjárhæð en 25.000 kr. er 1. febrúar 2016. Gjalddagar fasteignagjalda, sem lögð eru á nýjar eignir á árinu, eru jafn margir og almennu gjalddagarnir sem eftir eru ársins þegar álagning fer fram.

Tillaga um gjalddaga ársins 2017:

Almennir gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2017 eru tíu, fyrsti gjalddaginn er 1. febrúar 2017 og eftir það 1. dagur hvers mánaðar frá mars til nóvember og eindagi 30. dögum síðar. Gjalddagi fasteignagjalda, að lægri fjárhæð en 25.000 kr. er 1. febrúar 2017. Gjalddagar fasteignagjalda, sem lögð eru á nýjar eignir á árinu, eru jafn margir og almennu gjalddagarnir sem eftir eru ársins þegar álagning fer fram.

Rök fyrir tillögu um breytingu:

Það auðveldar ferla og innheimtur hjá okkur að vera með sama dag hvers mánaðar en ekki fyrsta gjalddagann afbrigðilegan. Það er knappur tími að keyra þetta í gegn 15. jan, höfum t.d. ekki náð að senda út greiðsluseðla í tíma, og þetta hefur valdið ruglingi hjá greiðendum. Eina sem þetta breytir er að greiðslur berast 15 dögum seinna fyrir fyrsta gjalddagann en aðrir gjalddagar eru óbreyttir. Þetta var sett á vegna erfiðrar lausafjárstöðu bæjarins á sínum tíma en ég tel ekki rök fyrir að þess gerist þörf á næsta ári.

Þess má geta að sveitarfélögin í kringum okkur halda sig öll við sama dag mánaðar þó að það sé misjafnt hvaða dagsetningar þau nota og hversu marga gjalddaga. Fyrsti gjalddaginn er allt frá 15. jan, og þá 15. hvers mánaðar eftir það, til 1. mars og fjöldi gjalddaga er frá 8-10.

Hafnarfirði 16. Nóvember 2016

Rósa Steingrímsdóttir
Sviðsstjóri fjármálasviðs